

Samkomulag um niðurrif á fjarskiptahúsi og lok lóðarleigusamnings

1. gr.

Aðilar samkomulags og forsaga

Aðilar samkomulags þessa eru Kópavogsbær, kt. 700169-3759, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi og Míla hf., kt. 460207-1690, Stórhöfða 22-30, 110 Reykjavík.

Þann 14. nóvember 2023 samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar nýtt skipulag fyrir Vatnsendahæð/Vatnsendahvarf þar sem gert er ráð fyrir byggingu á 500 íbúðum. Er skipulagssvæðið að mestu óbyggt en hefur verið nýtt fyrir fjarskiptaþjónustu. Er þar m.a. staðsett *radiófjölsímahús* F2066735 sem er í eigu Mílu hf. og gert er ráð fyrir að víki vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á svæðinu.

Í gildi er lóðarleigusamningur frá 11. september 2001 til 31. ágúst 2026 með rétti leigutaka til framlengingar um fimm ár, þ.e. til 31. ágúst 2031. Í lóðarleigusamningnum er gert ráð fyrir að loknum leigutíma skuli leigutaki, Míla hf., fjarlægja öll mannvirki og jarðrask grófjafnað.

2. gr.

Tilhögun samkomulags og greiðslufyrirkomulag

Aðilar hafa komist að eftirfarandi samkomulagi um lok lóðarleigu og fjarlægingu mannvirkis í eigu Mílu hf. í Vatnsendahvarfi:

- Hafist verður handa við niðurrif á *Radiófjölsímahúsi* F2066735 eigi síðar en 1. maí 2025.
- Kópavogsbær greiðir Mílu hf. kr. 70.000.000,-, við undirritun samkomulags þessa, fyrir að flytja starfsemi sína úr húsinu fyrir umsamin lok lóðarleigusamnings.
- Kópavogsbær mun jafnframt framkvæma og kosta niðurrif á húsinu og öðrum mannvirkjum sem því fylgir, förgun efnis og lóðarfrágang.
- Samhliða greiðslu umsaminnar sáttarfjárhæðar verður útgefið afsal til handa Kópavogsbæjar þar sem Míla hf. afsalar sér greindu *radiófjölsímahúsi* F2066735 og lóðarleigusamningi (þinglýsingarnúmer: 437-H-000082/2002) aflýst.
- Samkomulag er á milli aðila um að flutningur á starfsemi Mílu hf. úr húsinu verði lokið og húsið tilbúið til niðurrifs eigi síðar en 1. maí 2025, sbr. þó fyrirvara í 3. mgr. 3. gr. Míla mun hins vegar kappkosta við að afhenda húsið til niðurrifs eins fljótt og auðið er.
- Míla greiðir öll hefðbundin gjöld er varða uppbyggingu masturs á nýrri lóð.

3. gr.

Skipulagsvinna og stofnun nýrrar lóðar fyrir fjarskiptamastur

Í greindu *radiófjölsímahúsi* er nú virkur fjarskiptabúnaður á vegum Mílu hf. sem þarf að koma fyrir á nýjum stað áður en húsið verður fjarlægt. Samkomulag er á milli aðila að fundin verði staðsetning fyrir nýja lóð til handa Mílu hf. fyrir fjarskiptamastur vegna þeirrar fjarskiptaþjónustu sem áður var staðsett í

radíó fjölsíma húsi. Lagt er til að stofnuð verði ný lóð úr Tónahvarfi 4 fyrir fjarskiptamastur. Er sú staðsetning byggð á þeim rökum að hún fullnægi þeirri dreifingu sem nauðsynleg er fyrir greinda fjarskiptaþjónustu. Skipulagsdeild Kópavogsbæjar mun vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vatnsendahvarfs – athafnasvæði, svæði 3. Stefnt er að deiliskipulagsvinnu verði lokið eigi síðar en 1. september 2024.

Sá fyrirvari er settur á fyrirhugaða skipulagsvinnu að samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 er endanleg ákvörðun í hendi skipulagsráðs og bæjarstjórnar Kópavogs.

Jafnframt er settur sá fyrirvari að forsenda fyrir samkomulagi þessu er að staðsetning miðað við framangreindur forsendur fáið samþykkt. Ef viðmiðunardagsetning fyrir stofnun nýrrar lóðar dregst munu tímasetningar samkomulags þessa breytast sem þeim töfum nemur.

Ofangreindu til staðfestingar undirrita aðilar samkomulags þetta í votta viðurvist.

Kópavogi xx apríl 2024.

F.h. Kópavogsbæjar

F.h. Mílu hf.

Vitundarvottar:

Nafn

kennitala

Nafn

kennitala